

Samruni M invest ehf. og Gólflagna ehf.

26. mars 2026

Kaup M invest ehf. á öllu hlutafé Gólflagna ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samrunaaðilar starfa aðallega við sölu iðnaðargólfefna og lagningu iðnaðargólfa. Samkeppniseftirlitið lauk málinu án frekari rannsóknar á fyrsta fasa.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til kaupa M invest ehf. (hér eftir „M invest“) á öllu hlutafé Gólflagna ehf. (hér eftir „Gólflagnir“). Fullnægjandi samrunatilkynning vegna kaupanna barst Samkeppniseftirlitinu þann 12. febrúar 2026 og byrjuðu frestir eftirlitsins til að rannsaka samrunann samkvæmt 17. gr. d. samkeppnislaga því að líða 13. febrúar 2026.
2. Með tilkynningunni fylgdi styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005 (hér eftir „samkeppnislög“) og reglur Samkeppniseftirlitsins nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum. Samrunaaðilar töldu skilyrði fyrir því að tilkynna samrunann með styttri tilkynningu uppfyllt þar sem tveir eða fleiri aðilar samrunans starfa á sama vöru- og landfræðilega markaði (láréttur samruni) og markaðshlutdeild þeirra samanlagt væri minni en 20% sbr. b. liður 6. mgr. 17. gr. a. laganna og b. liður 1. mgr. 10. gr. reglna Samkeppniseftirlitsins.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig meðal annars falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki. Ljóst má vera að í kaupum M invest á öllu hlutafé Gólflagna felst samruni í skilningi 17. gr. samkeppnislaga.
4. M invest er fjárfestingar- og eignarhaldsfélag sem á tvö dótturfélög, þ.e. Iðnafl ehf. (hér eftir „Iðnafl“) og Iðnafl eignir ehf. (hér eftir „Iðnafl eignir“). Árið 2023 festi M invest kaup á öllu hlutafé S.S Gólf ehf. (hér eftir „S.S Gólf“) en í kjölfar endurskipulagningar samstæðunnar árið 2025 tók Iðnafl yfir allan rekstur S.S gólf. Í dag starfar Iðnafl annars vegar á sviði þjónustu og sölu á gervigrasi, ípróttatengdum vörum og lýsingarlausnum fyrir ípróttamannvirki og hins vegar á sviði þjónustu við lagningu og sölu á iðnaðargólfefna. Starfsemi Gólflagna felst einnig í lagningu og sölu á iðnaðargólfefnum.
5. Í samrunaskrá er fjallað um skilgreiningu markaða en þar kemur fram að unnt sé að skilgreina tvo markaði sem áhrifa samrunans gæti, þ.e. annars vegar markað fyrir sölu á iðnaðargólfefnum og hins vegar markað fyrir lagningu iðnaðargólfefna. Samkvæmt samrunaskrá tekur fyrrnefndur markaður til sölu á iðnaðargólfefnum án þess að þjónusta við lagningu eða uppsetningu efnisins sé innifalin en hinn síðarnefndi tekur til þjónustu við lagningu slíkra gólfefna. Samrunaaðilar telja landfræðilegan markað málsins vera Ísland í heild sinni.
6. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða skapist eða styrkist eða hvort samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta



hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

7. Um samkeppnisleg áhrif samrunans segir í samrunaskrá að viðskiptin muni einungis hafa mjög takmörkuð áhrif á hinum skilgreindu mörkuðum og að þeirra mati njóti ekkert fyrirtæki þar markaðsyfirráða. Fjölmarginir aðilar starfi á markaðnum og sífellt bætist nýir við sem bjóða upp á margvíslegar lausnir á gólfefnum. Þá eru aðgangshindranir að mati samrunaaðila litlar sem engar. Fyrirtæki í öðrum iðnaði, svo sem byggingariðnaði, geti auðveldlega brugðist við eftirspurn viðskiptavina sinna um að leggja iðnaðargólf með því að kaupa inn réttu efnin að sögn aðila.
8. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, þeirra gagna sem fylgdu og annarra aðgengilegra og fyrirbyggjandi upplýsinga um viðkomandi starfsemi og samkeppnismarkaði. Auk þess veitti Samkeppniseftirlitið helstu keppinautum samkvæmt samrunaskrá færi á að koma að athugasemdum vegna samrunans, markaðsskilgreiningu og möguleg samkeppnisleg áhrif samrunans.
9. Við rannsókn málsins komu í ljós upplýsingar sem bentu til þess að samanlögð hlutdeild samrunaaðila í lagningu iðnaðargólfefna væri hærri en þeir töldu sjálfir í samrunaskrá, eða meiri en 20%. Bendir það til þess að skilyrði styttri tilkynningar hafi ekki verið uppfyllt að mati Samkeppniseftirlitsins. Þó bentu nokkrir umsagnaraðilar á að aðgangshindranir inn á markað fyrir lagningu iðnaðargólfefna væru fremur litlar. Ekki væri krafist sérstakrar menntunar fyrir lagningu iðnaðargólfefna og mörg fyrirtæki gætu hæglega flutt sjálf inn efnin og látið til sín taka á markaðnum. Þó var víða í umsögnum lögð áhersla á mikilvægi þekkingar og reynslu starfsmanna, sem fengist með störfum hjá aðilum sem þegar eru starfandi á markaðnum. Í því samhengi beindi Samkeppniseftirlitið fyrirspurn til samrunaaðila um hvort samkeppnisbönn kæmu fram í ráðningarsamningum við starfsfólk þeirra. Samrunaaðilar staðfestu í kjölfarið að engin samkeppnisbönn væru í almennum ráðningarsamningum starfsfólks samrunaaðila og ekki stæði til að innleiða slík ákvæði í ráðningarsamninga.
10. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum og rannsókn Samkeppniseftirlitsins eru ekki vísbendingar um að samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, eða að samkeppni verði raskað að öðru leyti með umtalsverðum hætti þannig að samruninn sé ósamþýðanlegur 17. gr. c. samkeppnislaga. Þá telur eftirlitið nauðsynlegt að líta til þess að ekki eru vísbendingar um að miklar aðgangshindranir séu að markaðnum. Af þeim sökum telur Samkeppniseftirlitið hvorki ástæðu til að aðhafast vegna samrunans né rannsaka hann frekar og lýkur því meðferð málsins á fyrsta fasa.

Ákvörðunarorð:

„Kaup M invest ehf. á öllu hlutafé Gólflagna ehf. felur í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til að hafast frekar að í máli þessu.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson